



# Greinargerð

## B-hluta fyrirtækja

Við framlagningu árshlutareiknings  
Reykjavíkurborgar janúar-júní 2022

## Efnisyfirlit

---

B-hluti .....	2
Faxaflóahafnir .....	2
Félagsbústaðir .....	7
Orkuveita Reykjavíkur .....	12
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. ....	19
SORPA bs. ....	23
Strætó.....	28
Viðauki: Nánar um B-hluta fyrirtæki .....	32

## B-hluti

Í eftirfarandi greinargerð er fjallað um rekstrarniðurstöðu og árangur einstakra fyrirtækja í B-hluta samstæðuuppgjors Reykjavíkurborgar.



Vert er að benda á að lykiltölur fyrirtækja eru ekki fullkomlega samanburðarhæfar vegna mismunandi rekstrarforma fyrirtækjanna.

### Faxaflóahafnir

Faxaflóahafnir sf. (m.kr.)	Raun 2022_06	Áætlun 2022_06	Breyting	%	Raun 2021_06	Breyting	%
Rekstrartekjur	2.346	2.012	334	16,6%	1.853	493	26,6%
Rekstrargjöld	-1.864	-1.974	110	-5,6%	-1.555	-308	19,8%
<b>EBITDA</b>	<b>957</b>	<b>513</b>	<b>444</b>	<b>86,6%</b>	<b>745</b>	<b>212</b>	<b>28,5%</b>
<b>EBIT</b>	<b>482</b>	<b>38</b>	<b>444</b>	<b>1172,1%</b>	<b>297</b>	<b>185</b>	<b>62,1%</b>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	9	2	0	0,5%	4	4	105,1%
Óreglulegir liðir (tekjur)	2.063	0	2.063		1	2.062	
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>2.554</b>	<b>40</b>	<b>2.514</b>	<b>6343%</b>	<b>302</b>	<b>2.251</b>	<b>744,4%</b>

### Rekstrarniðurstaða

Hagnaður fyrstu 6 mánuði ársins 2022 nam 2.554 m.kr. sem má að mestu leiti rekja til sölu á Hafnarhúsinu en það var afhent Reykjavíkurborg 1. júlí. Hagnaður tímabilsins án óreglulegra liða var 491 m.kr. sem er betri niðurstaða en áætlun sem gerði ráð fyrir 40 m.kr. Til samanburðar var hagnaður 302 m.kr. fyrir sama tímabil árið 2021. Hagnaður af grunnstarfsemi (EBITDA) nam 957 m.kr. en á sama tíma árið áður nam hann 745 m.kr.



### Rekstrartekjur

Fyrstu 6 mánuði ársins námu voru rekstrartekjur samtals 2.346 m.kr. eða voru 334 m.kr. yfir áætlun en árið áður voru tekjur 1.853 m.kr fyrir sama tímabil. Allir tekjuliðir hækkuðu miðað við sama tíma í fyrra. Fjárhagsáætlun gerði ekki ráð fyrir þá miklu aukningu í komu skemmtiferðaskipa árið 2022 vegna en varlega var farið í að meta aukningu á milli árunna. Vörugjöld voru aðeins undir áætlun en aflagjöld voru yfir áætlun sem að stærstum hluta orsakast af herra aflaverðmæti en undafarin ár. Skipagjöld og tekjur af hafnarþjónustu voru talsvert yfir áætlun þar sem skip sem komu til hafnar voru bæði fleiri og stærri en áður.

Tekjur eftir starfsþáttum (í m.kr.)	Raun 2022_06	Áætlun 2022_06	Mism.	%	Raun 2021_06	Mism.	%
Vörugjöld	730	763	-33	-4,3%	683	47	6,9%
Aflagjöld	161	62	99	160,1%	62	99	159,6%
Skipagjöld	302	239	63	26,5%	202	100	49,5%
Eignatekjur	561	542	19	3,5%	530	31	5,9%
Hafnarþjónusta	413	253	160	63,4%	257	156	60,8%
Siglingavernd	178	153	25	16,2%	119	59	49,7%
Aðrar tekjur *	0	0	0		1	-1	-100,0%
	<b>2.346</b>	<b>2.012</b>	<b>334</b>	<b>16,6%</b>	<b>1.854</b>	<b>492</b>	<b>26,5%</b>

\* Aðrar tekjur ekki teknar með þar sem sala á Hafnarhúsinu skykkir samanburð

### Skipa- og farþegagjöld og tekjur af hafnarþjónustu og siglingavernd

Skipagjöld og hafnarþjónusta skiluðu samanlagt 715 m.kr. í tekjur, sem var um 30% heildartekna, en gert var samanlagt ráð fyrir 492 m.kr. og skiluðu þessir liðir 223 m.kr. umfram áætlun. Á tímabilinu jókst umferð skipa frá fyrra ári og að auki voru tonnastærðir þeirra sem koma til landsins meiri. Auk þess voru færslur innan hafnar tíðari en undanfarin ár.

### Eignatekjur og aðrar tekjur

Leigutekjur af lóðum og fasteignum mynda stofn eignatekna sem voru aðeins yfir áætlun sem má skýra með meiri hækkun á byggingavísitölu en gert var ráð fyrir. Flestar eignir eru í langtímaútleigu.

### Tekjur flokkaðar eftir hafnasvæðum

Þegar heildarrekstrartekjur eru skoðaðar eftir hafnasvæðum má sjá að Sundahöfn er sem fyrr tekjuhæsta hafnasvæðið, en Sundahöfn er megingátt flutninga á vörum til og frá Íslandi.


Skipting rekstrartekna						
Skipting rekstrartekna 2022 06 (m.kr.)	Gamla höfnin	Sundahöfn	Grundartangi	Akranes	Önnur svæði	Alls
Vörugjöld	68	566,1	88,6	7,4		730,1
Aflagjöld	76,1	39,5		45,1		160,7
Skipagjöld	73,4	169,5	28	7,6	1,8	280,3
Farþegagjald	14,5	8,2				22,7
Eignatekjur	204,5	342,7	9,5	2,6		559,3
Hafnarþjónusta	80,5	243,9	57,1	12,3	21,2	415
Siglingavernd	5,2	148,2	21,8	1,8	0,9	177,9
<b>Samtals:</b>	<b>522,2</b>	<b>1.518,1</b>	<b>205,0</b>	<b>76,8</b>	<b>23,9</b>	<b>2.346,0</b>

Tekjur af farþegagjöldum sem dattu niður í að vera nánast ekkert á síðasta ári vegna Covid faraldursins eru komið á svipaðan stað og áður. Eignatekjur voru hæstar í Sundahöfn og aflagjöld voru hæst í Gömlu höfninni, enda meginhlutanum af bolfski sem berst til hafnarinnar landað þar. Vörugjöld í Gömlu höfninni voru fyrst og fremst vegna eldsneytisinnflutnings á Eyjargarði.

### Rekstrargjöld

Fyrstu 6 mánuði ársins 2022 voru rekstrargjöld Faxaflóahafna sf. 1.864 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 1.974 m.kr. Á sama tímabili árið áður voru rekstrargjöld 1.555 m.kr. og hækka um 17% á milli ára. Útgjöldin ráðast hins vegar ekki eingöngu af verðlagi heldur einnig sérgreindum viðhaldsverkefnum sem falla undir rekstur og geta verið mismunandi á milli ára.

Rekstrargjöld voru almennt í samræmi við áætlun fyrir utan eignagjöld sem voru aðeins hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Rekstrarafgangur tímabilsins var hærri en áætlun gerði ráð fyrir, tekjur voru yfir áætlun en gjöld í samræmi við áætlun.



Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður var yfir áætlun og einnig eignagjöld en þar sem dregið var úr viðhaldsframkvæmdum árið áður, var áhersla lögð á málaflokkinn. Þá var kostnaður við hafnarþjónustu um 54 m.kr. undir áætlun. Kostnaður við siglingavernd var 25 m.kr. undir áætlun. Almennt var rekstur undir áætlun eða í samræmi við áætlun, en afskriftir voru svipaðar og í fyrra.

Gjöld eftir starfsþáttum (í m.kr.)	Raun 2022_06	Áætlun	Mism.	%	Raun 2021_06	Mism.	%
Hafnavirki	315	314	1	0,3%	273	42	15,5%
Eignagjöld	239	197	42	21,4%	176	261	148,6%
Hafnarþjónusta	437	492	-54	-11,0%	319	-95	-29,7%
Skrifstofu- og stjórnunark.	224	211	13	6,0%	221	-91	-41,4%
Siglingavernd	130	154	-25	-16,0%	118	12	9,8%
Afskriftir	475	475	0	0,0%	448	27	6,0%
	<b>1.820</b>	<b>1.843</b>	<b>-23</b>	<b>-1,3%</b>	<b>1.555</b>	<b>265</b>	<b>17,0%</b>

## Launakostnaður

Launakostnaður hækkaði um 13% á milli tímabila. Þar sem Faxaflóahafnir sf. halda úti sólarhringsvakt í hafnarþjónustu og hafnargæslu á Grundartanga er launakostnaður fyrirtækisins einn meginútgjaldaliður þess.

Heildarlaunakostnaður fyrri hluta ársins 2022 nam 679 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 719 m.kr.

Laun og launatengd gjöld (m.kr.)	2018_06	2019_06	2020_06	2021_06	2022_06
Bækistöð	72	73	89	92	100
Húseignir	12	13	14	14	15
Grundart hafnargæsla	20	22	25	33	34
Hafnsaga	85	88	101	102	131
Hafnarþjónusta	170	196	250	209	231
Hafnarstjórn	10	11	11	22	14
Skrifstofa	101	111	124	129	154
<b>Samtals:</b>	<b>469</b>	<b>514</b>	<b>613</b>	<b>601</b>	<b>679</b>

Stöðugildi	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Hafnarþjónusta	32	33	33	31	31	35
Bækistöð	12	11	12	13	13	13
Tæknideild	5	5	5	5	5	4
Skrifstofa	12	12	12	14	14	13
Húseignir	2	2	2	2	2	2
Siglingavernd - Umhverfismál	4	4	4	4	5	5
<b>Samtals:</b>	<b>67</b>	<b>67</b>	<b>68</b>	<b>69</b>	<b>70</b>	<b>72</b>

Fyrirsjáanleg leiðrétting vegna yfirvinnu og vaktálags vaktavinnustarfsmanna gæti verið 15-20 m.kr fyrir fyrstu 6 mánuði ársins. Vinnutímastytting hafði í för með sér aukinn launakostnað sem reynt hefur verið að bregðast við með breytingum á vaktafyrirkomulagi hafnarþjónustunnar. Bætt hefur verið

við mannskap, bæði föstum starfsmönnum í vaktavinnu hafnarþjónustunnar og einnig afleysingamönnum. Nokkuð hefur verið um tvöföld laun þ.e nýir starfsmenn hafa verið ráðnir til að leysa af eldri starfsmenn og viðvera þeirra hefur skarast um nokkra mánuði í 5-6 tilvikum.

## Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld


Tekjur af fjármagnsliðum námu um 8,7 m.kr. Hagnaður fyrir fjármunaliði var sem fyrr segir 482 m.kr. en að teknu tilliti til fjármunaliða og óreglulegra liða 2.553,8 m.kr. og er þar innifalin sala á Hafnarhúsinu.

## Efnahagur


Heildareignir félagsins námu 17.904 m.kr. og hafa hækkað á tímabilinu um 1.731 m.kr. Þar af námu fastafjármunir 13.558 m.kr. og veltufjármunir 4.345 m.kr. Heildarskuldir námu 491 m.kr. Eigið fé nam 17.412 m.kr. og hækkar um 1.788 m.kr. frá áramótum.

Efnahagur (m.kr.)	30.6.2022	1.1.2022	Breyting	%
Fastafjármunir	13.561	13.836	-275	-2,0%
Veltufjármunir án handb.fjár	1.629	428	1.202	281,0%
Handbært fé	2.713	1.909	804	42,1%
Eignir samtals	17.904	16.173	1.731	10,7%
Eigið fé	17.412	15.625	1.788	11,4%
Langtímaskuldir	0	0	0	
Næsta árs afborganir langt. skulda	0	0	0	
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	491	548	-57	-10,4%
Skuldir samtals	491	548	-57	-10,4%
Skuldir og eigið fé samtals	17.904	16.173	1.731	10,7%

## Sjóðstreymi



Veltufé frá rekstri var 968 m.kr. Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir, sem voru vegna framkvæmda á tímabilinu voru 360 m.kr. Greiðsla barst vegna sölu á Hafnarhúsinu 1.100 m.kr. og eru útistandandi 985 m.kr. vegna sölunnar. Með nettó fjárfestingu er átt við fjárfestingu í varanlegum rekstrarfjármunum að frádregnum seldum rekstrarfjármunum. Arður 766 m.kr. var greiddur út á tímabilinu.



## Fjárfestingarhreyfingar

Fjárfestingar og skipting framkvæmda eftir hafnarsvæðum (í m.kr.)						
Hafnarsvæði	2018_06	2019_06	2020_06	2021_06	2022_06	2022Á
Gamla höfnin	158	107	344	13	154	595
Sundahöfn	383	478	141	14	151	565
Grundartangi	96	7	9	3	13	220
Akranes	1	2	4	6	4	415
Borgarnes	0	0	0	16	0	0
Annað	12	511	307	8	36	95
<b>Samtals:</b>	<b>650</b>	<b>1105</b>	<b>805</b>	<b>60</b>	<b>357</b>	<b>1.890</b>

Fjárfestingar námu um 357 m.kr. fyrstu sex mánuði ársins en áætlað er að fjárfestingar ársins verði 1.890 m.kr. Stærstu verkefni á fyrri hluta árs voru nýr hjólastígur á Fiskislóð, framkvæmd á endurnýjun verbúðarbryggju í Gömlu höfninni, lagning og rafbúnaður á Faxagarði, hönnun og kaup á búnaði fyrir farþegaaðstöðu á Skarfabakka, vinna við þróunaráætlun Gömlu hafnarinnar og jarðvinna á Grundartanga í tengslum við hækkun á farmsvæðum og lóðagerð.

Á seinni hluta ársins er svo reiknað með fjármagni í innkaup á landtengibúnaði á Faxagarði auk uppsetningu á aðaldreifiskáp á rafmagni fyrir svæðið. Von er á stálpili fyrir lengingu Aðalhafnargarðs á Akranesi á haustmánuðum auk þess sem vonast er til að framkvæmdir við bakkann geti farið af stað á árinu. Verið er að undirbúa að koma fyrir nýrri hafnarvog á Grandabryggju og aðstöðu fyrir starfsfólk í Bakkaskemmuni og er reiknað með að það klárast á þessu ári.

Áætlað er að fara í frekari rannsóknir á menguðu efni í Sundahöfn á árinu og gera um leið klapparrannsóknir á því svæði sem er fyrirhugað að fara í bakkaframkvæmdir og landfyllingar á næstu árum. Í undirbúningi er fyrsti áfangi í endurnýjun lýsingar á svæðum Faxaflóahafna yfir í LED og er stefnt að því að fyrstu svæðin komi til framkvæmda á þessu ári. Áframhald verður á jarðvegsframkvæmdum, hækkun farmsvæða og lóðagerð á Grundartanga á seinni hluta ársins.

Rauntölur fyrir fjárfestingar um mitt árið voru undir fjárhagsáætlun. Það má skýra að hluta til með því að einhver verkefni hafa verið slegin á frest vegna breyttra forsendna og hætt við önnur. Sem dæmi má nefna að tímalína við þróun Sundahafnar hefur breyst, bæði vegna óvissu um Sundabraut og einnig vegna endurskoðunar á þörfum og forsendum. Stórt verkefni sem ekki var

hægt að fara í, var hækkun á sjóvarnargarði í Örfirisey og stafar það af vöntun á grjóti sem þarf í verkið. Vonast er til að hægt verði að fara í það verk á næsta ári.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** Faxaflóahafna fyrir 6 mánaða uppgjör árin 2018-2022:

Faxaflóahafnir	2018_06	2019_06	2020_06	2021_06	2022_06
Eiginfjárlutfall	88,5%	87,2%	90,5%	96,0%	97,3%
Arðsemi eigin fjár*	5,0%	5,6%	-1,6%	4,0%	6,3%
Veltufjárlutfall	2,82	2,48	2,05	2,77	8,84
Langtímaskuldir/eigið fé	5,2%	4,5%	3,9%	0,0%	0,0%
Uppgreiðslutími	0,54	0,47	0,83	0,00	0,00
Veltufé frá rekstri / rekstrartekjur	41,7%	40,8%	25,3%	40,2%	41,3%
Framlegð (EBITDA) / rekstrartekjur	42,0%	41,3%	20,9%	40,2%	40,8%

\* Við útreikning þessarar kennitölu eru óreglulegar tekjur dregnar frá.

### Fjármála- og áhættustýringarvið vekur athygli á:

- Vegna uppgjörs reglna um byggðarsamlög og sameignarfélög er einungis ábyrgðarlutfall borgarinnar tekið inn í uppgjör samstæðu Reykjavíkurborgar en ekki allt félagið eins og verið hefur. Meðfylgjandi tafla sýnir hlut borgarinnar í rekstri Faxaflóahafna:

Hluttur Reykjavíkurborgar í rekstri Faxaflóahafna	Raun 2022_06	Áætlun 2022_06	Breyting	%	Raun 2021_06	Breyting	%
Rekstrartekjur	1.772	1.520	252	17%	1.400	372	27%
Rekstrargjöld	-1.408	-1.491	83	-6%	-1.175	-233	20%
<b>EBITDA</b>	<b>723</b>	<b>388</b>	<b>336</b>	<b>87%</b>	<b>563</b>	<b>160</b>	<b>28%</b>
<b>EBIT</b>	<b>364</b>	<b>29</b>	<b>336</b>	<b>1172%</b>	<b>225</b>	<b>140</b>	<b>62%</b>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	7	1	5	401%	3	3	105%
Óreglulegir liðir (tekjur)	1.559	0	1.559		1	1.558	228412%
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>1.930</b>	<b>30</b>	<b>1.900</b>	<b>6343%</b>	<b>228</b>	<b>1.701</b>	<b>744%</b>

- Rekstrarniðurstaðan er 2,5 ma.kr betri en áætlun gerði ráð fyrir, þar af um 2,1 ma.kr vegna söluhagnaðar Hafnarhúss.
- Hagnaður af reglulegri starfsemi (EBIT) var 482 m.kr sem er 444 m.kr. betri niðurstaða en áætlanir gerðu ráð fyrir. Tekjur voru umfram áætlun sem einkum má rekja til hærri tekna af hafnarþjónustu og aflagjalda. Þá voru rekstargjöld örlítið undir áætlun
- Kennitölur félagsins endurspegla styrk félagsins og að það sé búið að ná fyrri styrk eftir niður sveiflu 2020. Eiginfjárlutfallið er mjög sterkt og hefur félagið getu til að standa af sér mótbyr.
- Veltufjárlutfallið er mjög sterkt 8,84 en miðað er við að það hlutfall fari ekki undir 1.
- Engin langtímalán eru á félaginu.

### Ábendingar fjármála- og áhættustýringarviðs:

- Mikilvægt er að móta arðgreiðslustefnu fyrir félagið.

## Félagsbústaðir

Árs- og árschlutauppgjör Félagsbústaða er gert samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum IFRS í samræmi við 90. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Félagsbústaðir hf. (m.kr.)	Raun 2022_06	Áætlun 2022	Breyting	%	Raun 2021_06	Breyting	%
Rekstrartekjur	2.758	2.736	22	0,8%	2.504	253	10,1%
Rekstrargjöld	-1.550	-1.528	-21	1,4%	-1.284	-266	20,7%
<b>Framlegð (EBIT)</b>	<b>1.208</b>	<b>1.208</b>	<b>0</b>	<b>0,0%</b>	<b>1.221</b>	<b>-13</b>	<b>-1,0%</b>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-529	-579	50	-8,6%	-549	19	-3,5%
Verðbætur	-2.676	-849	-1.828	215,3%	-1.185	-1.492	125,9%
Matsbreyting fjárfestingaeigna	19.502	2.906	16.595	571,0%	10.839	8.663	79,9%
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>17.504</b>	<b>2.686</b>	<b>14.818</b>	<b>551,6%</b>	<b>10.326</b>	<b>7.178</b>	<b>69,5%</b>

Samkvæmt 39. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga mega félög, sem eru með starfsemi á sviði fjárfestinga í fjárfestingaeignum, meta eignir og skuldbindingar sem þeim tengjast innan þessarar starfsemi til gangvirðis. Með fjárfestingaeign er átt við eign sem ætluð er til öflunar tekna, svo sem til útleigu, en ekki til notkunar í rekstri félagsins.

### Rekstur

**Rekstrartekjur** Félagsbústaða á fyrstu 6 mánuðum 2022 námu 2.758 m.kr. og jukust um 10,1% milli ára en hækkunina má rekja til fjölgunar eigna milli ára og verðlagsbreytinga. Vísitala neysluverðs til verðtryggingar hækkaði um 5,2% á fyrstu 6 mánuðum 2022 og hefur hækkað um 7,6% sl. 12 mánuði. Aukning tekna Félagsbústaða á tímabilinu er drifin áfram af verðlagsbreytingum en á tímabilinu voru að jafnaði 20 færri leigugeiningar í útleigu í hverjum mánuði hjá Félagsbústöðum en áætlun gerði ráð fyrir

**Rekstrargjöld** voru 1.550 m.kr. eða 21 m.kr. (1,4%) yfir áætlun. **Rekstur fasteigna** var 7 m.kr. (2,4%) undir áætlun, **Viðhald og framkvæmdir** voru 91 m.kr. (16,3%) yfir áætlun og **Fasteigna og brunabótaiðgjöld** voru 7 m.kr. (2,2%) yfir áætlun. Frávik í viðhaldi og framkvæmdum skýrast af auknum kostnaði við standsetningar milli leigjenda og viðhaldi íbúða í búsetu ásamt því að framkvæmdagjöld húsfélaga er 23 m.kr. umfram áætlun, sem skýrist líklegast af því að úrræðið „Allir vinna“ er að klárast núna í lok ágúst. Til þess að mæta auknum kostnaði var gerður viðauki við fjárhagsáætlun í maí þar sem áætlaðar tekjur voru auknar um 30 m.kr. og áætlaður kostnaður í viðhaldi íbúða í búsetu var aukinn til jafns en áætlaðar fjárhæðir taka mið af uppfærðri áætlun. Til viðbótar hefur kostnaði við viðhald sameigna fjölbýlishúsa að fullu í eigu Félagsbústaða verið haldið í lágmarki.


Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður er 284 m.kr. á tímabilinu eða 40 m.kr. undir áætlun en 19 m.kr. hærri en á sama tíma í fyrra. **Launakostnaður** hækkar um 15,2% milli tímabila vegna kjarasamningsbundinna hækkana og fjölgun stöðugilda en stöðugildi aukast um 1 milli tímabila úr 28 í 29. **Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður** er 19 m.kr. undir áætlun og lækkar um 9 m.kr. saman borið við fyrstu 6 mánuðina 2021. Framlag í **afskriftarreikning viðskiptakrafna** er á pari við sama tímabil í fyrra en er undir áætlun sem nemur 3 m.kr. Þessi liður er mjög sveiflukenndur og oftast erfitt að spá fyrir um hann.

Gjöld eftir starfsþáttum (í m.kr.)	Raun 2022_06	Áætlun	Mism.	%	Raun 2021_06	Mism.	%
<b>Rekstur og viðhald eignasafns</b>							
Rekstur fasteigna	291	298	-7	-2,4%	266	25	9,6%
Viðhald og framkvæmdir	651	589	61	10,4%	474	177	37,3%
Fasteigna og brunabótaiðgjöld	324	317	7	2,2%	279	45	16,1%
<b>Rekstur og viðhald eignasafns alls</b>	<b>1.266</b>	<b>1205</b>	<b>61</b>	<b>5,1%</b>	<b>1.019</b>	<b>247</b>	<b>24,2%</b>
<b>Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður</b>							
Laun og launatengd gjöld	210	218	-8	-3,6%	182	28	15,2%
Annar skrifstofu og stjórnunarkostnaður	61	81	-19	-24,0%	70	-9	-12,5%
Afskrifaðar tapaðar viðskiptakröfur	12	25	-13	-50,5%	12	0	1,0%
<b>Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður alls</b>	<b>284</b>	<b>324</b>	<b>-40</b>	<b>-12,3%</b>	<b>265</b>	<b>19</b>	<b>7,2%</b>
<b>Rekstrargjöld alls:</b>	<b>1.550</b>	<b>1528</b>	<b>21</b>	<b>1,4%</b>	<b>1.284</b>	<b>266</b>	<b>20,7%</b>

Viðhald og framkvæmdir (í m.kr.)	Raun 2022_06	Áætlun	Mism.	%	Raun 2021_06	Mism.	%
Standsetningar milli leigjenda	250	203	47	23,3%	206	45	21,6%
Viðhald íbúða í búsetu (ófyrriséð viðhald)	153	137	16	11,6%	85	68	79,6%
Viðhald sameigna	65	114	-49	-42,9%	67	-2	-2,6%
Framkvæmdagjöld húsfélaga	158	135	23	16,7%	116	42	35,8%
Annað	24	0	24	-	0	24	-
<b>Viðhald og framkvæmdir alls:</b>	<b>651</b>	<b>589</b>	<b>61</b>	<b>10,4%</b>	<b>474</b>	<b>177</b>	<b>37,3%</b>



Rekstrarhagnaðarhlutfall (EBIT%) er 43,8% eða 0,3% lægra en áætlun gerði ráð fyrir.




## Efnahagur og eignasafn

Efnahagur (m.kr.)	30.6.2022	31.12.2021	Breyting	%
Fastafjármunir	146.996	124.086	22.910	18,5%
Veltufjármunir án handb.fjár	817	771	46	6,0%
Handbært fé	5	1.590	-1.585	-99,7%
Eignir samtals	147.819	126.447	21.372	16,9%
Eigið fé	84.815	67.311	17.504	26,0%
Skuldbindingar	7.774	5.956	1.818	30,5%
Langtímaskuldir	53.158	51.263	1.895	3,7%
Næsta árs afborganir langt. skulda	1.315	1.197	118	9,9%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	757	720	37	5,1%
Skuldir og skuldbindingar samtals	63.004	59.136	3.868	6,5%
Skuldir og eigið fé samtals	147.819	126.447	21.372	16,9%


Heildareignir félagsins námu 147.819 m.kr. við lok júní 2022 og jukust um 16,9% frá upphafi árs. Fjárfestingaeignir jukust um 18,5% eða 22.908 m.kr., fjárfest var fyrir 2.153 m.kr. og matsbreyting nam 20.756 m.kr. Við útreikning á verðmæti fjárfestingareigna er reiknuð út niðurfærsluþörf eigna vegna samspils kvaða sem á eignunum hvíla um uppsagnarfrest á bæði tímabundnum og ótímabundnum leigusamningum og svo mismunar á markaðsleigu og þeirrar leigu sem Félagsbústaðir innheimta auk þess sem einnig er tekið tillit til sérhæfðra eigna sem mögulega þyrfti að breyta eða gefa afslátt af ef kæmi til sölu á almennum markaði. Niðurfærslan var metin 2.559 m.kr. í lok júní 2022.

Eigið fé hefur hækkað um rúmlega 17.504 m.kr. frá ársbyrjun 2022 sem skýrist af matsbreytingu eigna. Eiginfjárhlutfall í lok tímabils er 57,4% en var 53,2% í lok árs 2021.

Félagsbústaðir festu kaup á 41 nýjum íbúðum á fyrstu 6 mánuðum 2022 en það er 1 íbúð færri en áætlað var, 1 íbúð og 2 bílskúrar voru seldir á tímabilinu. Á næstu árum er áætlað að eignasafnið stækki í takti við fjölgun íbúða í Reykjavík þannig að hlutdeild félagslegs leiguhúsnæðis sé 5% ásamt því að fjölga íbúðakjörnum fyrir fatlað fólk um 20, sem þýðir 120 íbúðir, til loka árs 2028.




### Sjóðstreymi



Engar lántökur voru á fyrstu 6 mánuðum ársins 2022 en félagið fékk greidd stofnframlög frá ríki og Reykjavíkurborg 548 m.kr.


### Veltufé frá rekstri síðastliðin 5 ár:



Veltufé frá rekstri<sup>1</sup> sem hlutfall af afborgunum hefur haldist stöðugt yfir 1 á fyrri helming árs frá árinu 2019. Þegar hlutfallið er yfir 1 þýðir það að veltufé frá rekstri dugi fyrir afborgunum langtímalána félagsins. Æskilegt er að þetta hlutfall sé ávallt yfir 1,0.

### Fjármögnun fjárfestinga síðastliðin 5 ár:

Á síðustu árum hafa fjárfestingahreyfingar verið töluvert umfram veltufé frá rekstri og hefur bilið verið brúað með stofnframlögum og lántökum.



Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** Félagsbústaða fyrir 6 mánaða uppgjör árin 2018-2022 skv. gangvirðisuppgjöri:

Félagsbústaðir - gangvirðisuppgjör	2018_06	2019_06	2020_06	2021_06	2022_06	Markmið
Eiginfjárhlutfall	51,9%	51,3%	49,3%	51,7%	57,4%	
Veltufjárhlutfall	0,07	0,51	0,94	0,82	0,40	
Vaxtaþekja (EBIT/nettó gr.vextir)	1,49	1,76	1,69	2,25	2,28	> 1,4
Skuldaþekja (EBIT/(afb. + nettó gr. vextir))	0,97	1,14	1,03	1,09	1,04	> 0,9
Uppgreiðslutími	61	46	52	36	40	
Veltufé frá rekstri í hlutfalli af greiddum afborg.	0,96	1,40	1,08	1,21	1,08	
Veltufé frá rekstri í hlutfalli af rekstrartekjum	15,3%	22,0%	19,1%	27,8%	24,7%	

### Fjármála- og áhættustýringarvið vekur athygli á:

- Jákvæð rekstrarniðurstaða félagsins á fyrstu 6 mánuðum 2022 og aukning eigin fjár má rekja til hækkunar á metnu virði fasteigna félagsins vegna hækkunar fasteignaverðs. Matsbreytingar fjárfestingaæigna á tímabilinu námu 20,76 ma.kr. samanborið við 10,33 ma.kr. á sama tíma í fyrra og 0,17 ma.kr. fyrstu 6 mánuði ársins 2020.
- Við mat á verðmæti eigna félagsins er annars vegar stuðst við fasteignamat íbúða félagsins sem miðast við verðlag í febrúar 2022 og hins vegar er miðað við 11,8% hækkun vísitölu íbúðaverðs í fjölbýli í Reykjavík frá febrúar til september. Í því felst sú forsenda að verðmæti eigna félagsins fylgir þessari vísitölu. Reynist raunin önnur getur það kallað á leiðréttingu á mati á eignasafnsins við útgáfu næsta fasteignamats.
- Hækkun fasteignaverðs hefur jákvæð áhrif á rekstrarniðurstöðu félagsins vegna matsbreytinga en segir lítið um grunnrekstur félagsins nema að ábati af hækkun fasteignaverðs verði innleystur með sölu eigna. Til að meta stöðu grunnrekstrar er eðlilegra að horfa til rekstrarhagnaðar (EBIT) sem dróst saman um 1,4% á milli ára, en tekjur hækkuð um 9,9% á meðan rekstrargjöld hækkuðu um 20,7%. Tekjur félagsins fylgja vísitölu neysluverðs, sem þýðir að hækkun fasteignaverðs og byggingarkostnaðar umfram verðlag hefur neikvæð áhrif á grunnrekstur félagsins vegna aukins kostnaðar við rekstur og viðhald fasteigna og öflun nýrra eigna.
- Rekstrarhagnaður (EBIT) sem hlutfall af rekstrartekjum var 43,7% en áætlun gerði ráð fyrir 44,1%. Fráviknið má rekja til þess að rekstrartekjur voru 17 m.kr. (0,6%) yfir áætlun á meðan rekstrargjöld voru 21 m.kr. (1,4%) yfir áætlun. Helsta skýring á hærri rekstrargjöldum er mikil aukning á gjaldfærðu viðhaldi frá fyrra ári en allir liðir gjaldfærðs viðhalds að undanskildu viðhaldi sameigna í fjölbýlishúsum í eigu Félagsbústaða voru yfir áætlun.

<sup>1</sup> Athygli er vakin á því að veltufé frá rekstri í þessari greinargerð miðast við veltufé frá rekstri skv. hefðbundinni aðferð og þeirri aðferð er beitt fyrir öll B-hlutafélögin. Í ársreikningi Félagsbústaða er í sjóðstreymi sýnt veltufé frá rekstri án greiddra vaxta.

- Veltufé frá rekstri nam 682 m.kr. fyrstu 6 mánuði ársins 2022 sem er nokkru hærra en afborganir lána sem voru 632 m.kr. Afborganir lána hafa hækkað um 10,4% milli ára vegna aukinnar lántöku og vegna þess að stór hluti lánanna er að eldast og afborgunarhluti að vaxa. Vaxtaþekja hækkaði í 2,27 en skuldaþekja lækkaði í 1,04 fyrstu 6 mánuði 2022 (2,25 og 1,09 á sama tíma 2021) og eru yfir lágmarkum sem félagið hefur sett sér þ.e. 1,4 og 0,9. Vaxtaþekja lýsir hæfi fyrirtækis til greiðslu vaxta og skuldaþekja mælir greiðsluhæfi fyrirtækis.
- Engar lántökur voru á fyrri helming ársins. Stofnframlög frá ríki og borg á tímabilinu námu samtals 529 m.kr. Útistandandi krafa vegna ógreiddra stofnframlaga frá ríki og borg stóð í 484 m.kr. við lok fyrri helmings 2022.

#### **Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsvið:**


- Mikilvægt er að tryggja sterkt veltufé frá rekstri til að standa undir afborgunum og stuðla þannig að sjálfbærni í rekstri. Frekari fjölgun nýrra og dýrari eigna getur aukið þrýsting á hækkun leigu.

## Orkuveita Reykjavíkur

Árs- og árshlutauppgjör Orkuveitu Reykjavíkur er gert samkvæmt alþjóðlegum reikningskilastöðlum IFRS í samræmi við 90. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Orkuveita Reykjavíkur (m.kr.)	Raun 2022 H1	Raun 2021 H1	Breyting	%
Rekstrartekjur	28.621	26.023	2.598	10,0%
Rekstrargjöld	-10.716	-9.146	-1.570	17,2%
<b>EBITDA</b>	<b>17.906</b>	<b>16.877</b>	<b>1.028</b>	<b>6,1%</b>
<b>EBIT</b>	<b>11.110</b>	<b>10.222</b>	<b>889</b>	<b>8,7%</b>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-4.906	2.262	-7.168	-316,9%
Tekjuskattur	-1.226	-3.650	2.424	-66,4%
<b>Afkoma</b>	<b>4.974</b>	<b>8.830</b>	<b>-3.856</b>	<b>-43,7%</b>


**Rekstrarniðurstaða tímabilsins** var jákvæð um 4.974 m.kr. sem er lækkun um 3.856 m.kr. milli ára. Meginskýring á lækkun afkomu er vegna breytinga á gangvirði innbyggðra afleiða sem var jákvæð um 5.462 m.kr. fyrri helmingi ársins 2021 en er nú neikvæð um 448 m.kr. Áfallnar verðbætur eru 4.162 m.kr. en voru á sama tímabili í fyrra 1.970 m.kr. Tekjur aukast um 2.620 m.kr. milli ára þar sem hækkun álverðs vegur mest. Rekstrarkostnaður hækkar um 1.570 m.kr. milli ára sem má rekja að mestu til aukningar á viðhaldi veitukerfa og aukningu í orkukaupum og flutningi.



**Rekstrartekjur** hækka um 2.598 m.kr. eða 10% milli tímabila. Tekjuaukning skýrist einkum af auknum tekjum í sölu raforku sem tengd er álverð og aukinni raforkunotkun.


Tekjur eftir starfspáttum (í m.kr.)	Raun 2022 H1	Raun 2021 H1	Mism.	%
Veitur	17.224	16.357	867	5,3%
Orkusala og framleiðsla	9.486	7.907	1.579	20,0%
Önnur starfsemi	1.912	1.758	152	8,6%
	<b>28.622</b>	<b>26.023</b>	<b>2.598</b>	<b>10,0%</b>

Tekjur skiptast á þrjá starfspætti: Veitukerfi, orkusala og framleiðsla og aðra starfsemi. Framleiðsla og sala raforku sem og starfsemi Ljósleiðarans falla undir samkeppnisrekstur og nema tekjur af honum 36,1% af heildartekjum samstæðu OR.



**Rekstrargjöld án afskrifta** hækka um 1.570 m.kr. milli tímabila eða 17,2%. Orkukaup og flutningur hækka um 554 m.kr. Laun og launatengd gjöld hækka um 154 m.kr. sem skýrist vegna áhrifa kjarasamninga og breytingu á lífeyrisskuldbindingu vegna breyttra lífslíka. Annar rekstrarkostnaður hækkar um 862 m.kr. sem skýrist að mestu af hærri viðhaldskostnaði veitukerfa.

Gjöld eftir starfsþáttum (í m.kr.)	2022 H1	2021 H1	Mism.	%
Orkukaup og flutningar	3.505	2.951	554	18,8%
Laun og launatengd gjöld	4.112	3.958	154	3,9%
Annar rekstrarkostnaður	3.099	2.237	862	38,5%
	<b>10.716</b>	<b>9.146</b>	<b>1.570</b>	<b>17,2%</b>



## Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld (m.kr.)	Raun 2022 H1	Raun 2021 H1	Mism.	%
Vaxtagjöld og verðbætur	-6.562	-4.232	-2.330	55,1%
Gangvirðisbreytingar	786	4.944	-4.158	-84,1%
Gengismunur	1.909	1.815	94	5,2%
Annað	-1.039	-265	-774	292,0%
<b>Samtals</b>	<b>-4.906</b>	<b>2.262</b>	<b>-7.168</b>	<b>-316,9%</b>

Vaxtagjöld og verðbætur hækka um 2.330 m.kr. samanborið við sama tímabil 2021, þar af hækkuðu áfallnar verðbætur langtímalána um 2.191 en önnur vaxtagjöld og verðbætur um 165 m.kr. Ábyrgðagjald til eigenda lækkaði um 26 m.kr. vegna afborgunar lána sem eru í ábyrgð eigenda.

Gangvirðisbreytingar lækka um 4.158 m.kr., úr 4.944 m.kr. árið 2021 í 786 m.kr. 2022. Breytingin skýrist fyrst og fremst af hækkun á álverði 2021 en lítilli breytingu fyrstu 6 mánuði ársins.

## Efnahagur

Efnahagur (m.kr.)	30.6.2022	31.12.2021	Breyting	%
Fastafjármunir	378.168	373.279	4.889	1,3%
Veltufjármunir án handb.fjár, bundinna innl. og markaðsverðbr.	15.671	15.626	45	0,3%
Handbært fé, bundin innl. og markaðsverðbr.	22.115	24.977	-2.862	-11,5%
Eignir samtals	415.954	413.882	2.072	0,5%
Eigið fé	220.182	213.653	6.529	3,1%
Langtímaskuldir	164.519	171.160	-6.641	-3,9%
Næsta árs afborganir skt. skulda	20.237	15.188	5.049	33,2%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	11.017	13.881	-2.864	-20,6%
Skuldir samtals	195.773	200.229	-4.456	-2,2%
Skuldir og eigið fé samtals	415.955	413.882	2.073	0,5%

Heildareignir félagsins eru 416 ma.kr. í lok júní 2022 og hafa hækkað um 2,1 ma.kr á árinu. Fjárfest var fyrir 10,2 ma.kr. í rekstrarfjármunum. Afskrift rekstrarfjármuna nam 6,8 ma.kr. Leigugeignir í lok júní nema 2,1 ma.kr., á móti er færð leiguskuld, samtals 2,0 ma.kr.

Veltufjármunir nema samtals 37,8 ma.kr. og lækka um 2,8 ma.kr. frá áramótum.


Heildarskuldir félagsins eru 195,8 ma.kr. í lok tímabils og hafa lækkað um 4,5 ma.kr. Vaxtaberandi skuldir félagsins hafa lækkað um 0,4 ma.kr. á árinu. Heildarafborganir lána námu 7,3 ma.kr. og lántökur námu 3,6 ma.kr., áfallnar verðbætur tímabilsins nema 4,2 ma.kr. Nettóskuldir eru 143,2 ma.kr. í lok tímabils sem er 3,8 ma.kr. lækkun frá árslokum 2021.

2022 H1	
Vaxtaberandi skuldir 1/1	165.047
Hreyfingar með greiðsluáhrifa	
Ný lántaka	3.602
Afborganir	-7.308
Hreyfingar án greiðsluáhrifa	
Gengismunur	-914
Verðbætur	4.215
<b>Vaxtaberandi skuldir 30.06</b>	<b>164.642</b>

Langtímaskuldir ( í m.kr.)	2022 06	2021 12	Breyting	%
Langtímaskuldir í innlendri mynt	104.110	100.360	3.750	3,7%
Langtímaskuldir í erlendri mynt	60.532	64.687	-4.155	-6,4%
	164.642	165.047	-405	-0,25%

**Sjóðstreymi** Sjóðstreymisyfirlit gefur glögga mynd af raunverulegu peningastreymi til og frá fyrirtækinu og sýnir hvaða þættir hafa áhrif á handbært fé á tímabilinu. Myndin hér fyrir neðan sýnir breytinguna með súluriti þar sem grænar súlur sýna fjárstreymi inn í sjóð og rauðar súlur sýna fjárstreymi úr sjóði. Bláa súlan lengst til vinstri sýnir handbært fé í upphafi árs 2022 og sú sem er lengst til hægri í lok tímabils 30. júní 2022.

Bundnar innstæður og markaðsverðbréf þann 30. júní 2022 voru 14,5 ma.kr. og eru ekki taldar með handbæru fé í lok tímabils í grafinu hér að neðan.



## Eignabreytingar 2022

Fjárfesting **Veitna** nam 5,2 ma.kr. á tímabilinu.

- Hjá hitaveitunni voru helstu fjárfestingar vegna endurnýjunar á flutningsæð hitaveitu frá Deildartunguhver að Akranesi, heimlögnum, mælakaup og færsla á lögnum vegna breikkunar á Vesturlandsvegi um Kjalarnes.
- Í vatnsveitunni voru helstu fjárfestingar í heimæðum, færsla lagna vegna breikkunar á Vesturlandsvegi um Kjalarnes og styrkingu dreifikerfis á Akranesi.
- Hjá fráveitunni voru helstu fjárfestingar fóðrun fráveitulagna, uppbygging á nýrri skólpdælustöð í Naustavogi og tenging á hreinsistöð í Flóahverfi á Akranesi.
- Í rafmagnsdreifingu voru helstu fjárfestingar lagning háspennustrengja og dreifistöðvar í Mosfellsdal, breikkun á Vesturlandsvegi um Kjalarnes og lagning heimtauga.

Fjárfesting **Orku náttúrunnar** nam 1,6 ma.kr.

- Helstu verkefni Orku náttúrunnar eru borun á orkuöflunarholu á Hellisheiði, endurbætur á rafala, borun niðurrennslisholu á Nesjavöllum og háfar við Nesjavallavirkjun.

**Önnur fjárfesting** nam 3,4 ma.kr. Helstu fjárfestingar eru í áframhaldandi uppbyggingu ljósleiðarakerfis og endurbygging á höfuðstöðvum OR við Bæjarháls.

## Lánshæfismat

OR er með lánshæfismat hjá tveimur matsfyrirtækjum Moody's og Fitch Ratings.

Matsfyrirtækið Fitch Ratings hækkaði lánshæfiseinkunn OR úr BB+ í BBB- með stöðugum horfum í apríl 2021. OR er því komið í fjárfestingaflokk hjá Fitch.

Matsfyrirtækið Moody's hækkaði lánshæfiseinkunn OR úr Ba1 stöðugar horfur í Baa3 stöðugar horfur í september 2021. OR er því komið í fjárfestingarflokki hjá Moody's.

Stjórnendur OR settu sér það markmið í Planinu að komast í fjárfestingaflokk hjá erlendu matsfyrirtækjunum og hefur því markmiði nú verið náð hjá Fitch og Moodys. Að vera í fjárfestingaflokki getur leitt til aukins aðgengi að fjármagni og áhættuvörnum á betri kjörum.



Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** OR fyrir árin 2018-2022:

Orkuveita Reykjavíkur	2018 H1	2019 H1	2020 H1	2021 H1	2022 H1	Arðgreiðsluskilyrði
Eiginfjárlutfall	47,3%	47,4%	47,2%	49,4%	52,9%	≥ 40%
Veltufjárlutfall	1,1	1,1	1,2	1,7	1,2	≥ 1
Vaxtaþekja	4,6	4,6	4,3	4,5	2,8	≥ 3,5
ROCE	6,6%	4,8%	4,2%	5,4%	5,6%	
Nettó skuldir/handbært fé frá rekstri	5,7	5,0	5,6	4,6	6,2	
Handbært fé frá rekstri/Nettó skuldir	17,4%	19,9%	17,7%	21,9%	16,2%	≥ 17%

Fyrirtækið er eins og áður háð þróun ytri þátta; vaxta, gengis og álverðs, en verulega bættur rekstur og áhættuvarnir styrkja fjárhagsstöðu þess sem leitt hefur til umtalsvert betri stöðu fyrirtækisins gagnvart fjármálastofnunum á síðustu árum.

Fyrirtækið hefur verið virkt á skuldabréfamarkaði síðan 2016 þegar stofnaður var útgáfurammi fyrir skuldabréf og víxla. Í lok árs 2018 fór OR af stað með undirbúning á grænum skuldabréfamamma, vottunaraðilinn CICERO gaf rammanum og umgjörðinni dökkgrænan stimpil. Græn skuldabréf eru skuldabréf sem notuð eru til að fjármagna umhverfisvæn fjárfestingaverkefni.


Á fyrstu 6 mánuðum ársins nemur fjármögnun alls 3.602 m.kr. Þar af var gefið út í nýjan óverðtrygðan flokk OR180242 GB alls 1.500 m.kr. að nafnvirði og þá gaf Ljósleiðarinn út í flokkinn GR 010641 alls 2.100 m.kr. að nafnvirði.

Á fyrstu 6 mánuðum ársins hefur verið mikið flökt á álverði. Þannig hækkaði álverð yfir 3.600 USD/tonn fram til loka 1. ársfjórðungs en hefur á 2. ársfjórðungi lækkað og sveiflast nú í kringum 2.400 USD/tonn. Þróun álverðs hefur áhrif á tekjur vegna raforkusölu til stóriðju, mat á virði innbyggðra afleiðna orkusölusamninga, uppgjör áhættuvarnarsamninga og gangvirðismat þeirra. Gjaldfærsla vegna breytinga á virði innbyggðra afleiðna raforkusölusamninga nemur 448 m.kr. á tímabilinu. Tekjufærsla vegna uppgjors og gangvirðisbreytinga áhættuvarnarsamninga námu alls 462 m.kr. en þar á meðal eru álvarnarsamningar. Aðrir þættir sem hafa áhrif við mat gangvirðis fjármálagerninga eru gengi, vextir, áhættuálag og tími.

## Áhættustýring


Hækkun vaxta getur falið í sér áhættu í rekstri og efnahag OR. Á undanförunum árum hefur OR fest vexti með nýrri lántöku á föstum vöxtum og með framvirkum samningum til að draga úr áhættu. Myndin sýnir hlutfall heildarskuldbindinga hvers árs sem ber fasta vexti m.v. stöðu 30. júní 2022.

Varnarhlutfall vaxta




Gerðir eru áhættuvarnarsamningar til að verja tekjur af orkusölu til stóriðju fyrir lækun álverðs. Samningar eru gerðir nokkur misseri fram í tímann. Á myndinni má sjá varnarhlutföll álverðstengdra tekna þann 30. júní 2022.

### Álvarnarhlutföll



Gjaldeyrishætta OR er einkum vegna erlendra lána og tekna hjá ON Power ohf., en raforkusala þess félags er í bandaríkjadöllum og evrum. Framvirkir samningar eru gerðir til að draga úr áhættu af óhagstæðri gengisþróun, með því eru mörk sett á hugsanlegt misvægi í rekstri og efnahag. Myndin sýnir áætlað gjaldeyrisstreymi, stuðst er við dagsloka gengi Seðlabanka Íslands 30.6.2022.

### Gjaldeyriflæði ma.kr.



Neðangreind tafla sýnir upphæðir tekna, kostnaðar og afborgana lána í erlendri mynt.

	2022H1	2021H1	Mism.	%
Tekjur í erlendri mynt	5.756	4.016	1.740	43,3%
Kostnaður í erlendri mynt	1.136	917	219	23,9%
Afborgarnir í erlendri mynt	3.241	4.228	-6.827	-67,8%

### Fjármála- og áhættustýringarvið veður athygli á:

- Grunnrekstur OR (EBITDA) hækkar samanborett við sama tímabil í fyrra um 1.028 m.kr. eða um 6,1%. Hækkunina má að mestu rekja til aukinna tekna af raforkusölu sem tengd er álverð og aukinni raforkunotkun. Á móti kom hækkun í orkukaupum og flutningi auk þess sem laun og launatengd gjöld hækkuðu.
- Rekstarniðurstaða OR nam 4.974 m.kr. og lækkar um 3.856 m.kr frá sama tímabili í fyrra. Þar vegur þýngst viðsnúningur í fjármagnslið sem rekja má annars vegar til breytinga á gangvirði innbyggða afleiða og hins vegar til verðbóta.

- Eignir OR jukust um 2 ma.kr. á tímabilinu eða um 0,5%. Vaxtaberandi skuldir lækkuðu úr 165,0 ma.kr í upphafi árs í 164,6 ma.kr. eða um 0,25%. Skuldir í erlendri mynt halda áfram að lækka. Eiginfjárhlutfall OR hækkaði úr 51,6% í ársbyrjun í 52,9% í lok júní.
- Handbært fé frá rekstri er um 18,7 ma.kr. og hækkar um 0,5 ma.kr. samanborið við janúar-júní 2021. Góð staða handbærs fjár frá rekstri gerir OR kleift að standa undir háum afborgunum.
- Gjaldeyrisáhætta OR er einkum vegna erlendra lána og einnig tekna hjá ON Power. Frá og með árinu 2023 til 2027 er sjóðstreymi í erlendum gjaldeyri neikvætt.


#### **Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsvið:**

- Framlegð fyrirtækisins (EBITDA / rekstrartekjur) er um 62,6% og hefur veikt um 2,3%-stig miðað við sama tímabil í fyrra. Mikilvægt er að framlegð reksturs OR haldist stöðug og góð þar sem fyrirtækið er viðkvæmt vegna ytri þátta; vaxta, gengis og álverðs.
- Lán sem hafa eigendaábyrgð nema um 66,2 ma.kr. en bein ábyrgð borgarsjóðs á þeim er um 65,1 ma.kr. Mikilvægt er að gera aðgerðaáætlun um hvernig þessum ábyrgðum verði mætt ef á reynir.
- Fjármála- og áhættustýringarsvið telur brýnt fyrir borgarsjóð að skilgreint sé þak á erlendar skuldir fyrirtækisins til lengri tíma, t.d. með hliðsjón af tekjum, framlegð, greiðsluflæði í erlendum myntum eða jafnvægi í efnahag og að sett séu skýr markmið um aðlögun að slíku markmiði. Um leið getur verið ástæða til að skerpa á áskilnaði eigendastefnu um að framkvæmdir séu almennt fjármagnaðar í sama gjaldmiði og tekjur sem af þeim hljótaskast.

## Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. (m.kr.)	Raun 2022_06	Áætlun 2022_06	Breyting	%	Raun 2021_06	Breyting	%
Rekstrartekjur	2.095	2.077	18	1%	1.921	174	9%
Rekstrargjöld	-2.159	-2.062	-97	5%	-1.799	-360	20%
<b>EBITDA</b>	<b>-3</b>	<b>82</b>	<b>-85</b>	<b>-103%</b>	<b>183</b>	<b>-185</b>	<b>0</b>
<b>EBIT</b>	<b>-64</b>	<b>15</b>	<b>-79</b>	<b>-524%</b>	<b>122</b>	<b>-185</b>	<b>0</b>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-9	-7	-2	32%	-8	-1	13%
Óreglulegir liðir (tekjur)	37	0	37	n/a	129	-93	-72%
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>-36</b>	<b>8</b>	<b>-44</b>	<b>-552%</b>	<b>243</b>	<b>-279</b>	<b>0</b>


**Rekstrarniðurstaða:** Niðurstaða tímabilsins er neikvæð um 36 m.kr. en gert var ráð fyrir um 8 m.kr. jákvæðri niðurstöðu fyrir tímabilið. Megin skýring er hærri launakostnaðar en gert var ráð fyrir.



### Rekstrartekjur:

Tekjur (m.kr.)	Raun 2022_06	Áætlun 2022_06	Breyting	%	Raun 2021_06	Mism.	%
Framlag eigenda til rekstrar	1.098	1.098	0	0%	991	107	11%
Framlag eigenda í fjárfestingasjóð	34	34	0	0%	62	-27	-44%
Framlag eigenda til almannavarnanefndar	11	11	0	0%	10	0	5%
Ríkissjóður vegna sjúkraflutninga	834	832	2	0%	752	82	11%
Aðrar sértekjur og óreglulegir tekjuliðir	97	46	51	111%	180	-83	-46%
Húsaleigutekjur	59	57	2	4%	55	3	6%
	<b>2.132</b>	<b>2.077</b>	<b>55</b>	<b>3%</b>	<b>2.050</b>	<b>82</b>	<b>4%</b>

Heildartekjur fyrstu sex mánuði ársins eru um 55 m.kr. (3%) hærri en gert var ráð fyrir í áætlun tímabilsins. Aðrar sértekjur eru um 51 m.kr. hærri en áætlað, þar vegur þyngst endurgreiðsla á Covid kostnaði og vegna aðstoðar við bólusetningu og PCR prófun, samtals 37 m.kr. Aðrir tekjuliðir eru í takt við áætlun.




## Rekstrargjöld:

Gjöld (m.kr.)	Raun 2022_06	Áætlun 2022_06	Mism.	%	Raun 2021_06	Mism.	%
Launakostnaður	1.831	1.726	105	6%	1.479	352	24%
Annar rekstrarkostnaður	264	269	-4	-2%	259	5	2%
Afskriftir	63	67	-4	-5%	61	3	4%
	<b>2.159</b>	<b>2.062</b>	<b>97</b>	<b>5%</b>	<b>1.799</b>	<b>360</b>	<b>20%</b>

Heildarrekstrarkostnaður fyrstu sex mánuði ársins er um 97 m.kr. (5%) hærri en áætlað var.


Launakostnaður tímabilsins er 105 m.kr. (6%) hærri en gert var ráð fyrir þar vegur þyngst; eingreiðsla til framlínustarfsmanna vegna Covid, hagvaxtarauki, nýtt starfsmat nýliða í varðliðinu og hærri yfirvinnukostnaður vegna Covid veikinda starfsmanna í vaktavinnu í byrjun ársins.



## Efnahagur:


Efnahagur (m.kr.)	30.6.2022	31.12.2021	Breyting	%
Fasta fjármunir	2.235	2.252	-17	-0,8%
Veltufjármunir án handb.fjár	162	133	28	17,6%
Handbært fé	784	757	26	3,3%
Eignir samtals	3.181	3.143	38	1,2%
Eigið fé	2.368	2.404	-36	-1,5%
Langtímaskuldir	202	200	2	1,0%
Næsta árs afborganir langt. skulda	15	14	2	11,0%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	595	525	70	11,8%
Skuldir samtals	813	739	74	9,1%
Skuldir og eigið fé samtals	3.181	3.143	38	1,2%

Eiginfjárlutfall SHS í lok tímabilsins er um 74,5%, en var í lok árs 2021 um 76,5%. Eina langtímaskuld samstæðunnar er við Lánasjóð sveitarfélaga vegna láns sem tekið var vegna byggingar slökkvistöðvarinnar við Skarhólabraut í Mosfellsbæ.




Stjórn SHS hefur samþykkt að slökkvistöðin við Tunguháls verði seld og fundin hentugri staðsetning fyrir nýja slökkvistöð. Ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um hvar ný slökkvistöð verður staðsett, en vonir standa til að það verði gert á þessu ári og byggingaframkvæmdir geti mögulega hafist á næsta ári. Ekki er búið að ákveða hvort þær framkvæmdir verði fjármagnaðar með lántökum eða framlagi frá eigendum, þ.e. aðildarsveitarfélögum SHS.

## Sjóðstreymi:



Handbært fé í lok tímabilsins er 784 m.kr. og hefur hækkað um 26 m.kr. á tímabilinu. Fjárfestingar ársins eru nettó samtals 50 m.kr., þ.e. viðhald húsnæðis á Tunguhálsi, 22 m.kr., kaup á tveimur bifreiðum fyrir varðliðið, samtals 20 m.kr. og ýmis búnaður til slökkvistarfa samtals um 11 m.kr.



Í samþykktri fjárhagsáætlun 2022 er gert ráð fyrir að fjárfest verði í varanlegum rekstrarfjármunum fyrir um 400 m.kr., þar vegur þyngst kaup á tveimur nýjum körfu/stigabílum, endurnýjun á slökkvibíl fyrir kjalarnesið og viðhald húsnæði SHS, m.a. endurnýjun á búningaaðstöðu fyrir konur í Hafnarfirði.



Undirbúningur vegna fyrirhugaðs útboðs á körfu/stigabifreiðum er á lokametrunum og gert er ráð fyrir að bjóða út á næstu vikum. Áætlaður heildarkostnaður er um 280 m.kr.

## Fjöldi útkalla:

Fyrstu sex mánuðir ársins var farið í ríflega 20 þúsund útköll vegna sjúkraflutninga. Heildarfjöldi útkalla er nú um 1,6 þúsund (8%) fleiri en á sama tímabili 2021. Heildarfjöldi útkalla sem verða að flutningi sjúklings eru um 16 þúsund eða um 79%, þetta hlutfall hefur verið í um 84% undanfarin ár. Helsta skýringin felst í fjölgun útkalla sem ekki verða af flutning, þ.e. afgreitt á staðnum hefur aukist úr því að vera í kringum 7% í um 11-12%.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi fjölgun sjúkraflutninga á næstu árum, þar sem þættir eins og íbúafjölgun og aldur landsmanna styðja þá tilgátu. Fjöldi útkalla hjá slökkviliðinu hefur verið nokkuð stöðugur undanfarin ár en getur þó sveiflast meira milli ára og eru ástæður þess m.a. mismargir sinueldar og óveðursútköll milli ára.

Samningur SHS við Sjúkratryggingar Íslands sem undirritaður var í október 2014 er laus. Samningurinn var til sex ára eða til ársloka 2020. Samningur hefur nú verið framlengdur í tvígang um sex mánuði í senn og rennur út um næstu áramót. Viðræður um nýjan samning standa nú yfir.



Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** SHS samstæðunnar tímabilið janúar-júní árin 2018- 2022:

SHS - samstæða	2018_06	2019_06	2020_06	2021_06	2022_06
Eiginfjárlutfall	79,8%	81,3%	77,1%	74,7%	74,5%
Arðsemi eigin fjár	16,2%	26,4%	-9,6%	23,9%	-3,0%
Veltufjárlutfall	2,08	2,56	0,92	1,30	1,55
Langtímaskuldir/eigið fé	9,9%	8,9%	9,7%	8,9%	8,5%
Uppgreiðslutími	0,6	0,3	n/a	0,3	2,8
Veltufé frá rekstri / rekstrartekjur	14,2%	20,8%	-2,7%	15,1%	1,8%
Framlegð (EBITDA) / rekstrartekjur	13,9%	19,2%	-2,5%	15,2%	1,7%

## Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Vegna nýrra uppgjors reglna um byggðarsamlög og sameignarfélög er einungis ábyrgðarhlutfall borgarinnar tekið inn í uppgjör samstæðu Reykjavíkurborgar en ekki allt félagið eins og verið hefur. Meðfylgjandi tafla sýnir hlut borgarinnar í rekstri SHS:

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. (m.kr.)	Raun 2022_06	Áætlun 2022_06	Breyting	%	Raun 2021_06	Breyting	%
Rekstrartekjur	1.202	1.171	31	3%	1.156	46	4%
Rekstrargjöld	-1.217	-1.180	-38	3%	-1.015	-203	20%
<b>EBITDA</b>	-2	29	-31	-105%	103	-104	0
<b>EBIT</b>	-15	-8	-7	81%	142	-157	0
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-5	-4	-1	32%	-5	-1	13%
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>-20</b>	<b>-12</b>	<b>-8</b>	<b>65%</b>	<b>137</b>	<b>-157</b>	<b>0</b>


- Rekstrarniðurstaðan var 44 m.kr. lakari en áætlun gerði ráð fyrir, einkum vegna hærri launakostnaðar.
- Rekstrargjöld voru 97 m.kr. umfram áætlun.

SORPA bs. (m.kr.)	Raun 2022_06	Áætlun 2022_06	Breyting	%	Raun 2021_06	Breyting	%
Rekstrartekjur	2.889	2.913	-23	-0,8%	2.211	678	30,7%
Rekstrargjöld	-2.288	-2.659	371	-13,9%	-1.988	-299	15,1%
<b>EBITDA</b>	<b>804</b>	<b>429</b>	<b>375</b>	<b>87,3%</b>	<b>389</b>	<b>414</b>	<b>106,4%</b>
<b>EBIT</b>	<b>601</b>	<b>254</b>	<b>347</b>	<b>136,8%</b>	<b>223</b>	<b>378</b>	<b>169,8%</b>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgj.)	-112	-78	-34	43,3%	-67	-45	66,8%
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>489</b>	<b>176</b>	<b>314</b>	<b>178,2%</b>	<b>156</b>	<b>334</b>	<b>214,1%</b>

**Rekstrarniðurstaða:** Hagnaður tímabilsins var 489 m.kr. sem er 314 m.kr. hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir eða 178%. Hagnaður sama tímabils ársins á undan var 156 m.kr. og hækkar því á um 334 m.kr. á milli tímabila eða 214%

Magnstraumar fóru lítillaga hækkandi frá sama tímabili á árinu 2021 eða um 5,7% í Álfsnesi. Þessi magnaukning og hækkun gjaldskrár olli aukningu í rekstrartekjum samlagsins og eru tekjur samlagsins 678 m.kr. hærri en árið á undan eða 31%. Tekjur eru hins vegar á pari við áætlun eða 1% lægri.

Í lok tímabilsins var veltufjárlutfall samlagsins orðið 1,28 samanborið við 0,79 í lok ársins á undan.



Miklar breytingar eru framundan í rekstri samlagsins en snúa að breyttum vinnsluferlum, en samlagið minnkar urðun töluvert á þessu ári og hefur útflutning á brennanlegum straumum. Útflutningi fylgir meiri kostnaður sem hafði áhrif á gjaldskrá samlagsins sem tók gildi síðustu áramót. Lífrænir straumar fara í GAJA, þar sem molta og metangas er framleitt en hreinleiki moltunar er ábótavant. Til þess að fá gæðamoltu úr framleiðslu GAJA þurfa lífrænir straumar sem henni berast að vera hreinni, eins og staðan er í dag er of mikið plast og gler í moltunni. Starfshópur var stofnaður fyrir síðustu áramót og stefnt er að því að hefja sérsöfnun á lífrænum straumum við heimili á árinu 2023. Samlagið hefur unnið markvisst að markaðsþróun metans og veruleg eftirspurn er eftir afurðinni í iðnað og stórflutninga.

Á árinu 2021 komu í ljós gallar í GAJA þar sem staðbundin mygla kom fram á límtrésbitum í lofti stöðvarinnar. Þetta hefur ekki haft áhrif á gasvinnslu stöðvarinnar en moltuvinnslan hefur legið niðri frá því í ágúst 2021. Viðgerðir eru á lokastigi og moltuvinnsla mun hefjast á ný nú á haustmánuðum.

Magnbólur	2018_6m	2019_6m	2020_6m	2021_6m	2022_6m	Breyting 2021-2022
Endurvinnslustöðvar gjaldtekið inn (m3)	14.121	14.980	15.015	19.978	15.308	-23,4%
Móttökustöð (tonn)	53.130	47.939	45.677	45.770	45.173	-1,3%
Álfsnes (tonn)	108.681	99.458	89.769	73.961	78.149	5,7%

Heimsóknir	2018_6m	2019_6m	2020_6m	2021_6m	2022_6m	Breyting 2021-2022
Endurvinnslustöðvar (fjöldi ökutækja)	447.422	457.698	470.757	471.167	422.668	-10,3%
Móttökustöð (fjöldi sölup)	24.221	23.187	22.970	24.898	24.706	-0,8%
Álfsnes (fjöldi sölup)	7.613	7.328	7.182	6.552	7.101	8,4%

stöðvarnar á árinu nam 15.308 rúmmetrum og lækkar um 23% frá sama tímabili á árinu á undan.

Aðstæður á endurvinnslustöðvunum eru misgóðar og á sumum stöðvum er plássleysi að verða stórt vandamál. Stöðin á Dalvegi annar vart núverandi umferð og aðstaðan gæti skapað bæði starfsfólki og viðskiptavinum hættu. Svipuð staða er í Jafnaseli. Íbúðabyggð hefur sífellt færst nær stöðinni á Ánanaustum og umkvartanir vegna hávaða aukist. Breyting á skipulagi og uppbyggingu Ártúnshöfðans liggur fyrir og stöðin á Sævarhöfða verður flutt upp á Lambhaga. Stöðin í Mosfellsbæ annar umferð nokkuð vel í dag og sama á við um stöðina á Breiðhelli í Hafnarfirði.


Undirbúningur að byggingu nýrrar endurvinnslustöðvar á Lambhagavegi er hafin og gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist í byrjun árs 2023.

Endurvinnslustöðvar eru reknaðar skv. þjónustusamningi samlagsins við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Tekjur þeirra eru ávallt jafnháar gjöldum og hefur rekstur þeirra því ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu samlagsins. Umferð á endurvinnslustöðvunum minnkar aðeins á milli ára eða um 10%. Gjaldtekið magn inn á



**Rekstrartekjur** voru 23 m.kr. undir áætlun eða 1% en hækkuðu um 678 m.kr. frá árinu á undan eða um 31%.

Tekjur eftir starfsþáttum (í m.kr.)	Raun 2022_06	Áætlun 2022_06	Mism.	%	Raun 2021_06	Mism.	%
Gufunes	1.761	1.760	1	0,1%	1.100	661	60,1%
Álfsnes	1.337	1.145	192	16,8%	922	415	45,1%
EVST og Grenndarg.	890	1.094	-204	-18,6%	829	61	7,3%
Góði Hirðirinn	198	252	-54	-21,4%	192	7	3,4%
Innri viðskipti	-1.297	-1.338	41	-3,1%	-832	-466	56,0%
	<b>2.889</b>	<b>2.913</b>	<b>-23</b>	<b>-0,8%</b>	<b>2.211</b>	<b>678</b>	<b>30,7%</b>



**Rekstrargjöld** eru 15% undir áætlun eða um 354 m.kr. en hækkar um 14% frá árinu á undan eða um 264 m.kr. Helstu frávik frá áætlun eru:

Laun eru 4% undir áætlun eða um 36 m.kr. en hækka um 130 m.kr. eða 17% frá árinu á undan. Fjöldi ársverka fjölga úr 122,4 í 135,8 og þar er bæði um ræða styttingu vinnuvikunnar og fjölgun starfsmanna.


Móttaka, flutningur og ráðstöfun úrgangs er 23% undir áætlun eða um 232 m.kr. en hækkar um 112 m.kr. eða 17% frá árinu á undan. Þessi frávik skýrast af hækkun gjaldskrár síðustu áramót en útflutningur hefst á seinni hluta ársins.

Rekstur húsnæðis er 38% undir áætlun eða um 123 m.kr. en hækkar um 14 m.kr. eða um 7% frá árinu á undan. Frágangi á urðunarstað og í kringum GAJA var frestað aftar á árið og því er gert ráð fyrir að þessi kostnaður hækki á seinni hluta ársins.

Skrifstofu og stjórnunarkostnaður er 48% hærri en áætlun eða 52 m.kr. en stendur í stað frá árinu á undan. Áætlun gerði ráð fyrir innleiðingu og uppfærslu á nýjum tölvu og öryggiskerfum og sá kostnaður er að koma meira fram á fyrri hluta ársins. Þessi vinna er langt komin og mun minni vinna eftir en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Rekstur endurvinnslustöðva gekk vel á tímabilinu og reyndust tekjur umfram gjöld 162,4 m.kr. Tekjur stöðvanna voru 38 m.kr. undir áætlun eða 3,7% og rekstrargjöld voru 200,3 m.kr. eða 24% undir áætlun. Rekstur endurvinnslustöðva er gerður upp á núlli sem þýðir að ef tekjur ársins eru umfram rekstrargjöld er sveitarfélögum endurgreiddur rekstrarafgangur ársins og ef gjöld eru umfram tekjur að þá eru sveitarfélögin rúkuð um það sem upp á vantar.


Gjöld (í m.kr.)	Raun 2022_06	Áætlun 2022_06	Mism.	%	Raun 2021_06	Mism.	%
Gufunes	1.644	1.671	-27	-1,6%	1.165	478	41,0%
Álfsnes	853	936	-83	-8,9%	633	219	34,6%
EVST og Grenndarg.	891	1.094	-203	-18,6%	829	61	7,4%
Góði Hirðirinn	198	296	-98	-33,0%	192	7	3,4%
Innri viðskipti	-1.297	-1.338	41	-3,1%	-832	-466	56,0%
	<b>2.288</b>	<b>2.659</b>	<b>-371</b>	<b>-13,9%</b>	<b>1.988</b>	<b>299</b>	<b>15,1%</b>




## Efnahagur

Efnahagur (m.kr.)	30.6.2022	31.12.2021	Breyting	Breyt %
Fastafjármunir	7.810	7.954	-145	-2%
Veltufjármunir án handb.fjár	956	579	377	65%
Handbært fé	670	449	221	49%
Eignir samtals	9.436	8.983	453	5%
Eigið fé	5.486	4.996	489	10%
Skuldbindingar	452	444	8	2%
Langtímaskuldir	2.229	2.240	-11	0%
Næsta árs afborganir langt. skulda	209	235	-27	-11%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	1.060	1.067	-7	-1%
Skuldir samtals	3.950	3.986	-37	-1%
Skuldir og eigið fé samtals	9.436	8.983	453	5%


## Sjóðstreymi



## Veltufé



## Fjárfestingar



Með nettó fjárfestingu er átt við fjárfestingu í varanlegum rekstrarfjármunum að fráðregnum seldum rekstrarfjármunum. Fjárfestingar á tímabilinu eru að fjárhæð 54,8 m.kr.

### Eignabreytingar janúar – júní 2022

Fjárfestingar að fjárhæð 192,4 m.kr. voru í pöntum í lok árs 2021 og fengust afhentar á tímabilinu. Fjárfestingar á tímabilinu voru 54,8 m.kr. en fjárfestingaráætlun ársins er að fjárhæð 583,5 m.kr. Töf er á afhendingu véla og tækja í heiminum og við sjáum að fjárfestingar samlagsins eru að frestast um nokkra mánuði.

**Móttökustöðin í Gufunesi:** Fjárfestingar á tímabilinu voru að fjárhæð 33,4 m.kr.

**Álfsnes:** Fjárfestingar á tímabilinu voru að fjárhæð 21,4 m.kr.

## Kennitölur

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** samlagsins fyrir fyrstu 6 mánuði árána 2018 - 2022:

SORPA bs.	2018_06	2019_06	2020_06	2021_06	2022_06
Eiginfjárlutfall	72,0%	60,9%	45,9%	57,2%	58,1%
Arðsemi eigin fjár	18,1%	1,2%	1,0%	7,5%	19,6%
Veltufjárlutfall	2,59	0,95	0,39	0,74	1,28
Langtímaskuldir/eigið fé	7,9%	23,5%	64,8%	48,1%	40,6%
Uppgreiðslutími	0,5	3,4	9,7	3,5	1,6
Heildarskuldir/rekstartekjum	26,8%	58,1%	123,6%	81,6%	68,4%
Veltufé frá rekstri / rekstartekjur	16,1%	7,4%	7,7%	16,4%	26,8%
Framlegð (EBITDA) / rekstartekjur	16,3%	8,1%	10,3%	17,6%	27,8%

### Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Vegna nýrra uppgjorsreglna um byggðarsamlög og sameignarfélög er einungis ábyrgðarlutfall borgarinnar tekið inn í uppgjör samstæðu Reykjavíkurborgar en ekki allt samlagið eins og verið hefur. Meðfylgjandi tafla sýnir hlut borgarinnarí rekstri SORPU:

Hlutur Reykjavíkurborgar í rekstri SORPU bs.	Raun 2022_06	Áætlun 2022_06	Mism.	%	Raun 2021_06	Mism.	%
Rekstartekjur	1.629	1.654	-25	-1,5%	1.247	382	30,6%
Rekstrargjöld	-1.289	-1.480	191	-12,9%	-1.122	-167	14,9%
<b>EBITDA</b>	<b>455</b>	<b>275</b>	<b>180</b>	<b>65,5%</b>	<b>220</b>	<b>235</b>	<b>107,0%</b>
<b>EBIT</b>	<b>340</b>	<b>174</b>	<b>166</b>	<b>95,4%</b>	<b>126</b>	<b>215</b>	<b>170,8%</b>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgj.)	-63	-44	-19	43,3%	-38	-25	66,7%
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>277</b>	<b>130</b>	<b>147</b>	<b>113,1%</b>	<b>88</b>	<b>190</b>	<b>215,6%</b>

- Hagnaður var á rekstri samlagsins á tímabilinu janúar-júní um 489 m.kr. sem er 314 m.kr. betri afkoma en áætlun gerði ráð fyrir. Hagnaðurinn skýrist að mestu af hækkun á gjaldskrá um síðustu áramót og aðhaldi í rekstrarkostnaði.
- Framundan eru stór verkefni sem fylgja því að hætta að urða og hefja útflutning.
- Kennitölur samlagsins eru að breytast í rétta átt. Veltufjárlutfall er nú 1,28 miðað við 0,74 árið á undan.

### Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsviðs:


- Rekstur samlagsins er farin að standa undir fjárfestingum og afborgunum langtímalána eftir mikla endurskipulagningu á árinu 2020.
- Samlagið mun hefja útflutning á brennanlegum straumum til orkuvinnslu árið 2022 og hætta urðun í Álfsnesi að fullu fyrir lok ársins 2023. Þessum breytingum fylgir óvissa og kostnaður sem mikilvægt er að gjaldskrár samlagsins endurspegli. Þrátt fyrir að samlagið hætti urðun í Álfsnesi og hefji útflutning á straumum til brennslu að þá þarf að tryggja aðgang samlagsins að urðunarstað eftir lokun. Samlagið munum alltaf þurfa farveg fyrir strauma sem þurfa að fara í urðun.
- Mikilvægt að hraða undirbúningi að framtíðarlausnum varðandi brennslu strauma og tryggja fjármögnun þeirra verkefna. Verkefnahópur um hátækni brennslu á Íslandi skilaði skýrslu um málið í lok ársins 2021.
- Aukinn agi og samræmi í flokkun og meðferð strauma í öllum sveitarfélögum mun auka skilvirkni hjá samlaginu og lækka tilkostnað og minnka loftlagsáhrif. Verkefnahópur um samræmingu og sérsöfnun við heimili er nú að störfum og stefnt er að innleiðingu í upphafi næsta árs.
- Færsla endurvinnslustöðvarinnar á Sævarhöfða og breytingar á öðrum endurvinnslustöðvum sem eru komnar að þolmörkum kalla á töluverðar fjárfestingar á árunum 2023-2025. Fjárfesting í endurvinnslustöðvum greiðist beint af sveitarfélögum.

## Strætó


Strætó bs. (m.kr.)	Raun 2022_06	Áætlun 2022_06	Breyting	%	Raun 2021_06	Breyting	%
Rekstrartekjur	4.351	4.426	-75	-2%	4.110	242	6%
Rekstrargjöld	-4.869	-4.490	-379	8%	-4.316	-553	13%
<b>EBITDA</b>	<b>-366</b>	<b>78</b>	<b>-444</b>	<b>-569%</b>	<b>-91</b>	<b>-275</b>	<b>303%</b>
<b>EBIT</b>	<b>-518</b>	<b>-64</b>	<b>-454</b>	<b>711%</b>	<b>-207</b>	<b>-312</b>	<b>151%</b>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-80	-52	-28	54%	-39	-42	109%
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>-599</b>	<b>-116</b>	<b>-546</b>	<b>471%</b>	<b>-245</b>	<b>-354</b>	<b>144%</b>

**Rekstrarniðurstaða** fyrstu sex mánuði ársins var neikvæð um 599 m.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði neikvæð um 116 m.kr., var niðurstaðan því um 482 m.kr. lakari en áætlað var.

**Rekstrartekjur** tímabilsins voru 75 m.kr. undir áætlun eða 2% . **Fargjöld** fyrstu sex mánuði ársins voru 95 m.kr hærrí en tímabilið á undan en 9% undir áætlun. Heimsfaraldur og nýtt greiðslukerfi sem tekið var í notkun í nóvember 2021 hefði áhrif á fargjaldatekjur fyrstu tvo mánuði ársins, þar eftir hafa fargjaldatekjur verið í samræmi við áætlun.



Rekstrartekjur (í m.kr.)	Raun 2022_06	Áætlun 2022_06	Mism.	%	Raun 2021_6	Mism.	%
Fargjöld	924	1.021	-97	-9%	829	95	12%
Rekstrarframlög eigenda	2.082	2.082	0	0%	2.029	52	3%
Ríkisframlag	453	455	-2	0%	453	0	0%
Pant akstursþjónusta	713	669	44	7%	653	60	9%
Aðrar tekjur	179	199	-20	-10%	145	34	24%
	<b>4.351</b>	<b>4.426</b>	<b>-75</b>	<b>-2%</b>	<b>4.110</b>	<b>242</b>	<b>6%</b>



**Rekstrarframlag eigenda** jókst um 3% milli tímabila sem skýrist af hækkun verðlags. En hækkunin er breyting á strætóvísitölu sem tekur mið af samsetningu rekstrarkostnaðar og hækkun vísitalna. Til viðbótar leggja eigendur til sérstakt framlag vegna niðurgreiðslu á nemendafargjaldi og fargjaldi öryrkja og aldraðra sem fært er meðal fargjalda.

**Ríkisframlag** er byggt á samningi frá 2012 um aukinn hlut almenningsganganna í ferðum á höfuðborgarsvæðinu, auknu umferðaröryggi og umhverfisvernd. Samningurinn er til 2034 og felur í sér mánaðarleg framlög af hálfu ríkissjóðs. Framlag ríkis stóð í stað á milli tímabila.


**Tekjur Pant akstursþjónustu** jukust um 9% milli tímabila sem skýrist að stærstum hluta af auknum akstri. Til staðar

er samningur milli allra sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins að undanskildu Hafnarfirði og Kópavogs varðandi framkvæmd aksturs fyrir fatlað fólk, fötluð skólabörn og eldri borgara. Sveitarfélögin greiða Strætó verktakakostnað, vegna aksturs umfram fargjöld frá notendum viðkomandi sveitarfélags.

**Aðrar tekjur** eru þóknarir Strætó af Pant akstursþjónustu, akstri á landsbyggðinni, auglýsingatekjur og aukaakstur sveitafélaga. Aðrar tekjur jukust um 24% milli tímabila sem skýrist af aukaakstri innan sveitarfélaga sem ekki er hluti af rekstrarframlagi eigenda.

**Rekstrargjöld** að meðtöldum afskriftum voru 379 m.kr. yfir áætlun og rekstrargjöldin jukust um 553 m.kr. miðað við sama tímabil 2021.

Rekstrargjöld (í m.kr.)	Raun 2022_06	Áætlun 2022_06	Mism.	%	Raun 2021_6	Mism.	%
Eigin akstur strætó	1.798	1.537	260	16,9%	1.575	223	14,1%
Akstur verktaka - strætó	1.754	1.732	22	1,2%	1.598	156	9,8%
Pant akstursþjónusta	713	669	44	6,5%	653	60	9,1%
Samrekstur	452	409	43	10,5%	374	78	21,0%
Afskriftir	152	142	10	7,2%	116	36	31,3%
	<b>4.869</b>	<b>4.490</b>	<b>379</b>	<b>8,4%</b>	<b>4.316</b>	<b>553</b>	<b>12,8%</b>




**Eigin akstur** er allur kostnaður vegna aksturs strætisvagna, þar með talinn kostnaður verkstæðis og þvottastöðvar. Eigin akstur var 260 m.kr. umfram áætlun tímabilsins og jókst um 223 m.kr miðað við sama tímabil 2021. Kostnaðarverðshækkunarir ásamt launahækkunum skýra að mestu þá hækkun. Á tímabilinu jókst kostnaður olíu um 34% og meiri viðhaldskostnaður strætisvagna sem rekja má til aldurs vagnafloata. Launahækkun má að mestu rekja til vinnutímastyttingar sem kom til framkvæmda 1.maí 2021. Áætlaður heildarkostnaður af þeim breytingum var metin 350 m. kr. og er útlit fyrir að sú áætlun verðu eitthvað hærri en gert var ráð fyrir.

**Akstur verktaka** var 22 m.kr. yfir áætlun tímabilsins og jókst um 156 m.kr. ef miðað er við sama tímabil 2021. Hækkunarir aksturs verktaka má rekja að stærstum hluta til hækkana verðlags en greiðslur til verktaka breytast í takt við breytingar á verðlagi, þ.e. breytingu á launa-, olíu- og neysluvísitölu.

**Pant akstursþjónusta** jókst um 60 m.kr. miðað við sama tímabil 2021, sem skýrist að mestu af auknum akstri, en akstur dróst verulega saman í heimsfaraldri.

**Undir Samrekstur** er skrifstofu- og stjórnunarkostnaður, þar með talið þjónustuver sem þjónar bæði Pant akstursþjónustu og farþegum strætó. Jókst kostnaður um 78 m.kr. miðað við sama tímabil 2021 og var 43 m.kr. yfir áætlun. Aukning milli tímabila skýrist að stærstum hluta af hækkun launakostnaðar, aukningu í markaðskostnaði og kostnaði tölvukerfa. Nýtt greiðslukerfi var tekið í notkun í nóvember 2021, samhliða var farið í markaðsherferð. Tölvukostnaður jókst umtalsvert á milli tímabila, en netþrjotar brutu sér leið inn í tölvukerfi Strætó í lok árs sem hafði þó nokkurn aukakostnaði í för með sér. Skrifstofu og stjórnunarkostnaður vegur um 9% af heildarkostnaði.


**Farþegar** fyrstu sex mánuði ársins voru um 5,1 milljón en voru 4,5 milljónir tímabilið á undan, eða fjölgun um 14%. Farþegar fyrstu sex mánuði ársins náðu 87% af farþegafjölda fyrstu sex mánuðum 2019, sem var besta ár Strætó og í júní voru farþegar 98% af farþegum júní 2019. Myndirnar sýna annarsvegar uppsafnaðan farþegafjölda fyrstu sex mánuði 2022 og 2021 og hins vegar farþegafjölda hvers mánaðar 2019 til 2022.



## Efnahagur


Eigið fé í lok tímabils nam 245 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi og var eiginfjárlutfallið 7%, en var 26% 31.12.2021. Eiginfjárlag rekstraraðila var 900 m.kr við stofnun en gengið hefur vel á það og stefnir í að eigið fé verði neikvætt ef engar breytingar í rekstri verða. Varanlegir fastafjármunir námu 1.667 m.kr., nýfjárfestingar námu 36 m.kr. Meðal fastafjármuna er framlag til Brúar lífeyrissjóð frá árinu 2017 sem dreift er á 20-30 ár í samræmi við leiðbeiningar frá reikningskilanefnd sveitarfélaganna, eftirstöðvar námu 656 m.kr. lok tímabils.

Efnahagur (m.kr.)	30.6.2022	31.12.2021	Breyting	%
Varanlegir fastafjármunir	1.667	1.783	-116	-6%
Fyrirframgr. kostn. Lsj. Brú	656	670	-14	-2%
<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>2.323</b>	<b>2.453</b>	<b>-130</b>	<b>-5%</b>
Birgðir	117	104	13	12%
Viðskiptakröfur	44	36	8	22%
Kröfur á tengda aðila	156	137	19	14%
Aðrar skammtímaskröfur	116	65	51	79%
Handbært fé	733	466	267	57%
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>1.166</b>	<b>808</b>	<b>358</b>	<b>44%</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>3.490</b>	<b>3.260</b>	<b>229</b>	<b>7%</b>
Eigið fé	245	844	-599	-71%
Langtímaskuldir	1.656	1.256	400	32%
Viðskiptaskuldir	674	622	52	8%
Næsta árs afborgun langtímalána	101	91	11	12%
Fyrirfram innheimtar tekjur	355	0	355	100%
Ýmsar skammtímaskuldir	459	448	10	2%
<b>Skuldir samtals</b>	<b>3.244</b>	<b>2.417</b>	<b>827</b>	<b>34%</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>3.490</b>	<b>3.260</b>	<b>229</b>	<b>7%</b>



## Sjóðstreymi

Handbært fé frá áramótum til loka júní hækkaði um 267 m.kr. Lántaka tímabilsins nam 400 m.kr í grænu skuldabréfi sem eyrnamerkt er fjárfestingu nýrra vagna, ekki nýtanlegt til reksturs. Afborganir lána námu 43 m.kr. Innstreymi fjármagns vegna rekstartengdra eigna og skulda skýrist að mestu að eigendur greiddu mánuð af framlagi fyrirfram. Ef ekki hefði komið til greiðslu frá eigendum hefði fjármagn til reksturs verið neikvætt um 14 m.kr. í lok tímabils.



Veltufé frá rekstri í hlutfalli af tekjum var neikvætt um 9% á fyrri hluta ársins 2022. Vegna aukinna útgjalda og samdrætti í tekjum hefur veltufé frá rekstri dregist umtalsvert saman.

Aðili sem ekki var samið við eftir útboð á akstri á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2010, höfðaði mál á hendur Strætó bs. þar sem krafist var viðurkenningar á skaðabótaskyldu Strætó vegna meintrar ólögmatrar og saknæmrar háttsemi við framkvæmd útboðsins. Dómur í málinu var kveðinn upp í Hæstarétti Íslands 1. júní 2017, þar sem dómur Héraðsdóms var staðfestur, þ.e. réttur stefnanda til

skaðabóta úr hendi stefnda vegna missis hagnaðar og kostnaðar vegna þátttöku í forvali var viðurkenndur. Gjaldfærð hefur verið varúðarfærsla vegna framangreinds máls. Í byrjun maí féll dómur í Héraðsdómi þar sem Strætó var dæmt til að greiða 205 m.kr. í skaðabætur. Ekki hefur verið gert ráð fyrir því í þessu uppgjöri.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** Strætó fyrir janúar til júní árin 2018-2022:

	2018_06	2019_06	2020_06	2021_06	2022_06
Eiginfjárlutfall	47,6%	45,9%	43,4%	32,9%	7,0%
Arðsemi eigin fjár	-13,4%	-12,4%	-24,2%	-38,2%	-141,9%
Veltufjárlutfall	1,08	1,06	1,04	0,70	0,75
Skuldsetningarhlutfall (langtímaskuldir/eigið fé)	56,0%	60,5%	66,1%	96,6%	675,7%
Heildarskuldir/rekstrartekjur	61,2%	57,8%	60,4%	61,3%	89,2%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	-0,2%	1,5%	-2,0%	-3,0%	-10,8%
Framlegð/rekstrartekjum	-0,2%	1,7%	-1,6%	-2,6%	-10,1%

\*Við útreikning er miðað við rekstrartekjur án framlags Aksturþjónustu fatlaðs fólks og aldraðra. (Verktakar annast allan akstur aksturþjónustu fatlaðs fólks og aldraðra. Allur beinn kostnaður við akstur umfram fargjöld notenda er greiddur af sveitarfélögum).

## Fjármála- og áhættustýringarvið vekur athygli á:

- Vegna nýrra uppgjorsreglna um byggðarsamlög og sameignarfélög er einungis ábyrgðarhlutfall borgarinnar tekið inn í uppgjör samstæðu Reykjavíkurborgar en ekki allt félagið eins og verið hefur. Meðfylgjandi tafla sýnir hlut borgarinnar í rekstri Strætó:

Hluttur Reykjavíkurborgar í rekstri Strætó	Raun 2022_06	Áætlun 2022_06	Breyting	%	Raun 2021_06	Breyting	%
Rekstrartekjur	2.454	2.561	-107	-4%	2.318	136	6%
Rekstrargjöld	-2.746	-2.600	-146	6%	-2.434	-312	13%
<b>EBITDA</b>	<b>-206</b>	<b>41</b>	<b>-247</b>	<b>-605%</b>	<b>-51</b>	<b>-155</b>	<b>303%</b>
<b>EBIT</b>	<b>-292</b>	<b>-39</b>	<b>-253</b>	<b>646%</b>	<b>-116</b>	<b>-176</b>	<b>151%</b>
Fjármagnsliðir	-45	-30	-16	53%	-22	-24	109%
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>-338</b>	<b>-69</b>	<b>-269</b>	<b>391%</b>	<b>-138</b>	<b>-199</b>	<b>144%</b>

- Í maí sl. féll dómur Héraðsdómi Reykjavíkur þar sem Strætó var dæmt til að greiða 205 m.kr. í skaðabætur. Gjaldfærð hefur verið varúðarfærsla vegna þessa.

## Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarviðs:

- Fjárhagsstaða Strætó er afar erfið um þessar mundir. Rekstrarniðurstaða er neikvæð um 599 m.kr. á tímabilinu sem umtalsvert lakara en áætlun gerði ráð fyrir. Eigendur greiddu eins mánaðar rekstrarframlag fyrirfram til Strætó í maí sl. vegna lausafjársvanda félagsins. Eigið fé stendur í lok tímabils í 245 m.kr. og stefnir í að vera neikvætt um næstu áramót verði ekki viðsnúningur í rekstri.
- Eigendur þurfa að taka rekstur og fjármagnsskipan Strætó bs. til rýningar nú þegar og grípa til aðgerða til að tryggja sjálfbærni félagsins.



## Viðauki: Nánar um B-hluta fyrirtæki

Fyrirtæki í B-hluta eru afar mismunandi hvað varðar þjónustuhlutverk, rekstrarform, rekstrarumfang og fjárhagslega stöðu og styrk. Í meðfylgjandi greinargerð um B-hluta fyrirtækin er reynt í stuttu máli að varpa ljósi á rekstur, afkomu og fjárhagslega stöðu. Í þessu sambandi blasir við hvað B-hluta fyrirtækin hafa flest fjarlægst hratt borgarráð og stjórnáslu Reykjavíkurborgar og þekking og innsýn í rekstur þeirra og fjárhagsstöðu fer að sama skapi dvínandi. Samtímis er ljóst að Reykjavíkurborg ber ýmist beina eða óbeina ábyrgð á þessum fyrirtækjum og þjónustuhlutverkum þeirra og afkoma fyrirtækjanna getur haft afdrifarík áhrif á stöðu A-hluta borgarsjóðs.

**Byggðasamlögin**, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, Sorpa og Strætó, eru samrekstrarfélög sveitarfélaga sem hvert um sig ber fulla og ótakmarkaða ábyrgð á rekstrinum. Í þessu ljósi er mikilvægt að ákvarðanir um fjárhagsskipan og fjárfestingar séu teknar með virkri aðkomu borgarráðs og hlutaðeigandi bæjarráða. Þá er einnig æskilegt að hlutaðeigandi sveitarfélög fjármagni sjálf aukin framlög eigenda vegna rekstrar eða fjárfestinga byggðasamlaga fremur en að fyrirtækin safni upp skuldum. Ennfremur ættu þau að gera upp lífeyrisskuldbindingar með samtímagreiðslum.

**Félagsbústaðir** er hlutafélag í 100% eigu Reykjavíkurborgar sem var stofnað 8. apríl 1997 um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis sem félagslegs úrræðis á ábyrgð eigandans. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið gerir ársreikning sinn á grundvelli gangverðs eigna enda er fyrirtækið á skuldabréfamarkaði í kauphöll. Í árslok 2020 áttu Félagsbústaðir 2.904 íbúðareiningar. Þar af voru 2.134 almennar leiguíbúðir víðs vegar um borgina, 366 þjónustuíbúðir fyrir aldraða, 358 íbúðir í sértækum búsetuúrræðum fyrir fatlaða einstaklinga og 46 íbúðaeiningar fyrir heimilislausa.

Fyrirtækið **Faxaflóahafnir** er rekið sem sameignarfélag Reykjavíkurborgar, Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarsveitar, Skorradalshrepps og Borgarfjarðarsveitar og er eignarhlutur borgarsjóðs 75,5551%. Í þessu rekstrarformi felst að eigendur bera sameiginlega ábyrgð á rekstrinum. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið á og rekur fjórar hafnir, Reykjavíkurhöfn, Grundartangahöfn, Akraneshöfn og Borgarneshöfn.

**Malbikunarstöðin Höfði hf.** er 99% í eigu Borgarsjóðs Reykjavíkur og 1% í eigu Aflvaka hf. en við stofnun fyrirtækisins á árinu 1996 sameinuðust tvö borgarfyrirtæki, Malbikunarstöð Reykjavíkurborgar og Grjótnám Reykjavíkurborgar, í eitt hlutafélag. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið gerir ársreikning sinn samkvæmt lögum um ársreikninga. Malbiksmarkaður er að mestu í höndum þriggja fyrirtækja; Höfða, Malbikstöðvarinnar og Hlaðbæjar Colas sem er í erlendri eigu.

**Orkuveita Reykjavíkur** er sjálfstætt þjónustufyrirtæki. Við stofnun þess árið 1999 samanstóð fyrirtækið af Rafmagnsveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Reykjavíkur, Vatnsveitu Reykjavíkur, Akranesveitu, Andakílsárvirkjun og Hitaveitu Borgarness. Starfssvæði Orkuveitu Reykjavíkur hefur stækkað umtalsvert og þjónustusvæðið nær nú til Suður- og Vesturlands auk höfuðborgarsvæðisins. Orkuveita Reykjavíkur sem er langstærsta fyrirtækið í B-hluta borgarinnar og stórfyrirtæki á landsvísi, er rekið sem sameignarfyrirtæki samkvæmt sérstökum lögum. Eigendur auk borgarinnar sem á 93,539% hlut eru Akraneskaupstaður og Borgarbyggð. Reikningsskilaaðferðir samkvæmt alþjóðlegum stöðlum (IFRS) voru teknar upp við gerð ársreiknings 2007.

Þann 1. janúar 2014 kom til framkvæmda það ákvæði raforkulaga sem gerir fyrirtækjum á þeim markaði skylt að skilja á milli sérleyfis- og samkeppnishluta starfseminnar. Þá tók Orka náttúrunnar ohf., dótturfélag sem er alfarið í eigu Orkuveitu Reykjavíkur, til starfa á samkeppnismarkaði raforku en félagið var stofnað til að uppfylla þetta lagaákvæði. Veitubjónustan verður áfram rekin undir merkjum Orkuveitu Reykjavíkur, bæði þau lögbundnu skylduverkefni sveitarfélaga sem vatns- og fráveita eru og sérleyfisþjónusta rafmagns- og hitaveitu. Í móðurfélagi breyttrar samstæðu, Orkuveitu Reykjavíkur, verður sameignleg stoðþjónusta við dótturfélög s.s. fjármál, gæða, umhverfis- og öryggismál auk sameiginlegs þjónustusviðs.

**Íprótta- og sýningarhöllin hf.** er sjálfstætt fyrirtæki í 50% eigu borgarinnar og að jafnstórum hlut í eigu Samtaka iðnaðarins. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið gerir upp ársreikning sinn samkvæmt lögum um ársreikninga.

**Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs** er byggðasamlag sem sinnir slökkvistarfi, sjúkraflutningum, forvörnum, almannavörnum og öðrum verkefnum sem stjórn SHS ákveður hverju sinni og varða velferð íbúa, enda falli þau að tilgangi SHS og séu ekki falin öðrum til úrlausnar í lögum. Stofnendur og eigendur SHS eru sex sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarbær, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarneskaupstaður. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs er í 60,8% eigu borgarsjóðs. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn.

**Sorpa bs** er 59% í eigu Reykjavíkurborgar sem á það með nágrannasveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Sorpa annast urðun og meðferð sorps og rekur endurvinnslustöðvar.

**Strætó bs** er byggðasamlag í eigu Reykjavíkurborgar og nokkurra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Eignarhlutur borgarsjóðs er 60,3%. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn og annast almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

**Aflvaki** er hlutafélag í 95,7% eigu Reykjavíkurborgar og fyrirtækja í samstæðu hennar. Fyrirtækið var ekki í rekstri á árinu 2021.

**Þjóðarleikvangur ehf** er hlutafélag í 50% eigu Reykjavíkurborgar á mótí ríki og KSÍ, stofnað 12. júní 2019. Tilgangur þess er að undirbúa byggingu þjóðarleikvangs í Laugardal. Félagið stendur fyrir þarfagreiningu og verkefnaskipulagi við undirbúning og framkvæmd verkefnisins. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn.

**Jafnlaunastofa sf.** er samvinnufélag í 50% eigu Reykjavíkurborgar á móti Sambandi íslenskar sveitarfélaga, stofnað í nóvember 2021. Helsta hlutverk fyrirtækisins er að veita sveitarfélögum stuðning í jafnlaunamálum með ýmis fræðslum og ráðgjöfum. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn.